



9. mars 2023
Tilv.: 2302150

Dreifibréf númer: 10/2023
til fjármálafyrirtækja og Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Reglur um innleiðingu reglugerða (ESB) samkvæmt CRD og CRR.

Seðlabanki Íslands hefur gefið út þrjú umræðuskjöl, nr. 4 – 6/2023, sem innihalda drög að reglum til að innleiða reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) um tæknilega staðla sem settar eru samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB (CRD) og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR). Reglurnar verða settar með stoð í 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Í umræðuskjali nr. 4/2023 er að finna drög að nýjum reglum um eftirlit með notkun innri aðferða við útreikning á eiginfjárkröfum fjármálafyrirtækja. Í núgildandi reglum um sama efni nr. 888/2022 eru innleiddar reglugerðir (ESB) 2016/2070, 2017/180, 2017/1486, 2018/688, 2021/1971 og 2021/2017. Með nýju reglunum verður jafnframt innleidd reglugerð (ESB) 2022/951, sem breytir reglugerð (ESB) 2016/2070, að því er varðar skýrslugjöf til eftirlitsstjórnvalda. Með reglunum falla úr gildi reglur nr. 888/2022.

Í umræðuskjali nr. 5/2023 er að finna drög að reglum um útreikning á stórum áhættuskuldbindingum fjármálafyrirtækja. Með reglunum verður innleidd reglugerð (ESB) 2022/1011 þar sem tilgreint er hvernig ákvarða eigi óbeinar áhættuskuldbindingar við útreikning á stórum áhættuskuldbindingum.

Í umræðuskjali nr. 6/2023 er að finna drög að nýjum reglum um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja. Í núgildandi reglum um sama efni nr. 1700/2022 eru innleiddar reglugerðir (ESB) 2021/637, 2021/1018 og 2022/631. Með nýju reglunum verður jafnframt innleidd reglugerð (ESB) 2022/2453, sem breytir reglugerð (ESB) 2021/637 að því er varðar birtingu upplýsinga um áhættu vegna umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna. Athygli er vakin á því að reglurnar verða birtar í Stjórnartíðindum þegar reglugerðin hefur verið tekin upp í EES-samninginn, en unnið er að upptöku hennar.

Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölin eru birt á vefsíðu Seðlabankans: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjöllum berist eigi síðar en 23. mars nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gerð umsagnareyðublöð sem finna má á vefsíðu Seðlabankans, sbr. nánari

skýringar í umræðuskjölum. Umsagnareyðublöð skal senda á netfangið:
skjalasafn@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS
Fjármálaeftirlit

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri
varúðareftirlit

Pálmi Reyr Ísólfsson
forstöðumaður
fjárhagslegir áhættuþættir

